

Tillaga um millipinganefnd - Knattspyrnuþjálfun barna -

Með vísan til 7. greinar laga um Knattspyrnusamband Íslands, e. liður, er lagt til að stofnuð verði sérstök nefnd á vegum KSÍ sem skal nefnast *Nefnd um eflingu knattspyrnuþjálfunar barna*. Með vísan til 29. greinar, 1. liður, getur Knattspyrning KSÍ skipað sérstakar tímabundnar nefndir.

Lagt er til að skipuð verði sex manna nefnd sem hefur það hlutverk að efla knattspyrnuþjálfun barna á Íslandi. Markmið nefndarinnar verður að auka faglegt starf með börnum og bæta knattspyrnuþjálfun 5 til 15 ára barna. Meðal annars með skýrari stefnumótun í knattspyrnuþjálfun barna og með skýrari viðmiðum í starfi með börnum innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Stjórn KSÍ skal skipa í nefndina og skal nefndin skila niðurstöðum sínum eigi síðar en 1. desember 2009 og verða niðurstöður kynntar á 64. árþingi KSÍ.

Greinargerð:

Í anda 17. greinar, 4. liðar, laga um Knattspyrnusambands Íslands er lagt til að sett verði á lagginnar sérstök nefnd er hefur það hlutverk að efla knattspyrnuþjálfun barna. Mörg gæfuspor hafa verið stigin í þjálfun og aðbúnaði barna á Íslandi síðustu misseri, s.s. stórefling menntunar þjálfara, sparkvallaverkefni, ýmis námskeið, aukin áhersla á velferð barna og fleiri slíkir þættir. Til að efla starfið enn frekar er þörf á sérhæfðri nefnd sem hefur það hlutverk að þróa markvissa stefnumótun og stuðla að mun betri vinnubrögðum í þjálfun barna í samræmi við nýja reynslu og rannsóknir í knattspyrnuþjálfun. Í samstarfi við aðildarfélög og nefndir KSÍ getur slík nefnd aukið gæði knattspyrnuþjálfunar á Íslandi og stuðlað að betri árangri. Álitð er að með betri aðferðum, sem eru að ýmsu ólíkar þjálfun fullorðinna, sé hægt að ná til stærri og breiðari hóps þátttakenda ásamt því að ná betri árangri á fyrstu stigum þjálfunar. Nánari útfærsla á verkefnum væri í höndum nefndarinnar og stjórnar KSÍ en ljóst er að mótun áherslna í þjálfun, sköpun þekkingar og þróun á nýjum vinnubrögðum og aukin faglegur stuðningur við aðildarfélög væru verkefni nefndarinnar. Nefndin skal hafa samráð við m.a. fræðslunefnd, mótanefnd og útbreiðslunefnd enda liggur fyrir að verkefni þessara nefnda eru samþætt að nokkru leyti. Að endingu er bent á að knattspyrnuíðkendur á Íslandi eru ca. 18.600 og þar af eru tæp 13.000 15 ára og yngri.

Knattspyrnudeild Breiðabliks

